

7. gr.

Frávísun.

Nefndin vísar máli frá sé það svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Slík frávísun skal rökstudd. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal taka til meðferðar að nýju samkvæmt málskoti hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð. Ekki skal innheimta málskotsgjald að nýju þegar svo stendur á.

8. gr.

Endurupptaka máls.

Nefndin getur ákveðið að mál sem úrskurðað hefur verið af henni skuli tekið fyrir að nýju á grundvelli nýrra upplýsinga, sem málskotsaðila var ekki unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og geta haft áhrif á niðurstöðu þess. Um endurupptöku máls fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. mgr. 17. gr., sbr. 18. gr., laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og öðlast hún þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 9. nóvember 1999.

Finnur Ingólfsson.

Porgeir Örlygsson.

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Húnaþing vestra.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 6 frá 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., sbr. breytingu með lögum nr. 108/1988, hefur sveitarstjórn yfirstjórn allra fjallskilamála, en fjallskilastjórnir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim, hver á sínu svæði.

2. gr.

Fjallskiladeildir í Húnaþingi vestra eru:

1. Fjallskiladeild Víðdælinga.
2. Fjallskiladeild Vesturhóps.
3. Fjallskiladeild Vatnsnesinga.
4. Fjallskiladeild Miðfirðinga.
5. Fjallskiladeild Hrútfirðinga.

Umdæmi fjallskiladeilda skulu haldast óbreytt frá því sem gildi fyrir sameiningu sveitarfélaganna og upprekstrarréttur skal standa óbreyttur miðað við eldri skipan nema um annað sé samið sbr. ákvæði 1. gr. laga nr. 25/1994.

3. gr.

Reikningshaldi hverrar fjallskiladeildar skal haldið aðgreindu í bókhaldi sveitarsjóðs en sveitarfélagið annast bókhald og innheimtu fjallskiladeildanna. Skal endurskoða fjallskilareikninga á sama hátt og sveitarstjórnarreikninga.

II. KAFLI

Um rekstur til afrétta og meðferð afréttarfjár.

4. gr.

Upprekstrarrétt eiga þeir einir sem hafa afnot af jörð eða jarðarhluta innan takmarka fjallskiladeildarinnar. Þessi réttur er óframseljanlegur og er öllum óheimilt að taka til upprekstrar sauðfé eða hross af öðrum, nema með samþykki viðkomandi fjallskilastjórnar sem tekur þá hagagjald fyrir. Þá hafa ábúendur upprekstrarrétt fyrir fjallskilaskyldan fénað heimilismanna sinna.

5. gr.

Upprekstur á afrétt fari eigi fyrr fram á vorum en fjallskilastjórn heimilar og með þeim takmörkunum sem hún ákveður og lög leyfa. Heimild til upprekstrar skal sveitarstjórn veita, að fengnu álitni gróðurverndarnefndar. Rekstri til afréttar skal haga þannig, að sem minnstur bagi verði að í heimalöndum og þess gætt að skepnur verði ekki fyrir ónáði eða óþarfri styggð. Komi fénaður saman við rekstur, skal hann skilinn úr svo fljótt sem unnt er. Gildir það jafnt um rekstur til og frá afrétti.

6. gr.

Nú verða mikil brögð að ágangi búfjár úr afrétti í heimahaga og getur þá sá er fyrir verður gert sveitarstjórn aðvart. Skal hún þá, ef um verulegan eða óeðlilegan ágang virðist að ræða, skipa fyrir um smölun ágangspenings og rekstur til afréttar eða skilaréttar. Kostnaður greiðist úr fjallskilaskýldum þeirrar fjallskiladeildar sem afrétt þann notar sem ágangspeningur kom frá. Sama gildir um kostnað við smölun og rekstur búfjár sem stendur við afréttargirðingu.

7. gr.

Eigi má ónáða fé í afréttinum að þarflausu og ekki taka þaðan búpening nema leyfi fjallskilastjórnar komi til. Fjallskilastjórn skal fylgjast með gróðurfari á afréttinum og njóti til þess liðsinnis gróðurverndarnefndar. Þá ber fjallskilastjórn að fylgjast með, hvort fénaður safnast svo að afréttargirðingum að tjón verði á landi. Beri það til skal bót á ráða með rekstri inn á afréttinn, nema mjög sé á sumar liðið, þá með smölun til réttar. Skal þá farið með eftir atvikum sem göngur væru.

III. KAFLI

Um fjallskil.

8. gr.

Skrifstofa sveitarfélagsins skal semja skrá yfir tölu sauðfjár og hrossa í hverri fjallskiladeild eftir síðustu forðagæsluskýrslu og einnig skrá yfir landverð og skulu þær lagðar til grundvallar fjallskilum. Verði kaup eða sala á fjallskilaskyldu búfé eða verulegar breytingar á búfjártölu af öðrum orsökum skulu eigendur tilkynna það fjallskilastjórn fyrir 10. ágúst. Ber að taka allt slíkt til greina í skýrslunni. Sé veittur afsláttur af fjallskilum, hvort heldur sem er vegna hrossa eða sauðfjár, er heimilt að miða við tölu búfjár sem kemur af afrétti.

9. gr.

Fjallskilaskyld er allt sauðfé og hross, veturgömul og eldri, þó ekki brúkunarhross, allt að fimm á eiganda, enda gangi þau í heimahögum. Þó er heimilt að fella niður fjallskil ef um fleiri brúkunarhross er að ræða og skal þá eigandi sækja um það til fjallskilaneftndar fyrir 10. ágúst. Hver fjallskilaskyldur maður skal leggja til fjallskila á þann hátt sem fjallskilastjórn ákveður. Allan fjallskilakostnað fjallskiladeildarinnar skal meta til peningaverðs, þannig að jafnhátt gjald komi á hverja sauðkind og jafnhátt á öll hross. Hross skal meta til jafns við allt að sjö sauðkindur skv. forðagæsluskýrslu. Telji fjallskilastjórn að hross skuli bera meiri kostnað hlutfallslega, getur hún leitað samþykkis sveitarstjórnar til þess. Heimilt er fjallskilastjórn að leggja allt að helming áætlaðs kostnaðar fjallskilasjóðs á landverð allra jarða í hreppnum, þar með taldar eyðijarðir, án verðs ræktaðs lands og hlunninda, miðað við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Fjallskilastjórn er heimilt að fella niður fjallskil á allt að 3/4 af fjallskilaskyldum peningi, sauðfé og hrossum, annarri tegundinni eða báðum, sem gengur í öruggri heimalandagjöfingu. Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og fjallskilastjórn ákveður, ella goldin í peningum. Vinnu skal meta til peningaverðs sem næst gildandi meðalkauptaxta. Mönnum búsettum utan fjallskiladeildar er óheimilt að reka búfé á afrétt og ógirt heimalönd, nema með leyfi viðkomandi fjallskilastjórnar, eða þeir hafi þar jörð til afnota. Heimilt er fjallskilastjórn að leggja allt að 50% herra fjallskilagjald á búfé manna sem lögheimili eiga utan fjallskiladeildarinnar og hafa þar ekki landsnytjar.

10. gr.

Skyldur er hver eigandi búfjár að gera full fjallskil í þá fjallskiladeild, sem búfé hans er framfleytt árlangt, enda sé það skráð þar á forðagæsluskýrslu. Nú notar einhver til upprekstrar annan afrétt eða heimaland en þau lönd þar sem honum ber upprekstur og skal hann þá gera þar full fjallskil. Þó hafa fjallskilastjórnir heimild til að gera um þetta sérstaka samninga. Húsráðendur skulu inna af hendi fjallskil fyrir heimafolk sitt.

11. gr.

Fjallgöngur á afréttum og víðlendum heimalöndum þar sem afréttarpeningur gengur að jafnaði skulu vera tvennar hvert haust en þó aðeins einar eða tvennar í Vatnsnesfjalli (heimaland). Heimilt er þó fjallskilastjórnnum í fjárskiptahólfi Miðfirðinga og Hrútfirðinga að láta aðra leit fara fram með aðstoð leitarflugs. Skyld er að fjalleitir séu tryggilega framkvæmdar. Gangnatíma ákveða fjallskilastjórnir í samráði við aðliggjandi fjallskiladeildir og eftir því sem nauðsyn er vegna gróðurfars afréttanna og annarra ástæðna. Fyrri réttum skal lokið eigi síðar en síðasta laugardag fyrir 16. september, en þó verði hrossarétt í Víðidalstungurétt fyrsta laugardag í október.

12. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal fjallskilastjórn jafna niður á land- og búfjáreigendur í tæka tíð. Fjallskilastjórn kveður íbúa í fjallskiladeild með gagnaboði til fjallskila 14 dögum fyrir göngur. Á gagnaboðinu skal tilgreina nákvæmlega, hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera fjallskil sem honum ber skal hann greiða samsvarandi kostnað, auk sektar í fjallskilasjóð, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna. Athugasemdir við niðurfjöfnunina skal bera fram skriflega fyrir formann fjallskilastjórnar fyrir 20. október.

13. gr.

Fjallskilastjórnir skipa gangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Hann skipar fyrir um tilhögun leitar og stjórnar henni. Skal hann sjá um að fjársöfnin séu rekin til réttar og

kveðja menn til að gæta safnsins þar til fénaður er kominn í náttuga eða vökumenn hafa tekið við honum. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Gangnastjóra skal greiða sanngjarna þóknun fyrir gangnastjórnunina.

14. gr.

Gangnastjóri skal minna gangnamenn á að fara vel með sauðfé og hross í göngum. Finnist sauðfé og hross sem ekki verður komið lifandi til réttar, skal gangnastjóri ákveða hverju sinni hversu með skuli fara. Óheimilt er að aflífa skepnur í leitum án fyrisagnar gangnastjóra eða eftir umboði hans nema brýna nauðsyn beri til, svo sem ef skepna er mikið slösuð eða sjúk. Skyld er gangnastjóra að hafa meðferðis skotvopn í leitum. Hann skal sjá um að greinilega sé skráð mark þeirra kinda og hrossa sem lógað er, svo og önnur einkenni, svo sem kyn, litur og merki. Slíkri greinargerð skilar gangnastjóri til formanns fjallskilastjórnar þegar leitum er lokið.

15. gr.

Ef veður eða aðrar ástæður hamla göngum eða torvelda fulla gagnsemi þeirra að dómi gangnastjóra fyrir einum eða fleiri leitarflokkum samliggjandi leitarsvæða skal þeim frestað yfir svæðið í heild. Gangnastjórar hafi samráð með sér eftir því sem nauðsyn krefur, áður en göngur hefjast. Kostnaður við þær ráðstafanir greiðist úr fjallskilasjóði. Verði gangnamenn sem komnir eru saman til leitar eða lagðir upp í leit frá að hverfa ber þeim þóknun úr fjallskilasjóði en skyldir eru þeir að mæta til gangna þegar þeir eru tilkvaddir.

16. gr.

Ef gangnastjóri telur að gangnamaður sé vanhæfur til starfsins þá ber honum ekki skylda að taka hann gildan. Ef gangnamaður reynist vanhæfur að mati gangnastjóra er heimilt að láta hann greiða fjallskilin að fullu. Engan má senda í göngur yngri en fimmtán ára.

17. gr.

Ef fjallskilaskyldur maður hefur engan hæfan mann til gangna og getur ekki útvegað hann, skal hann tilkynna það skriflega fjallskilastjórn minnst sex dögum áður en fjallgöngur eiga að hefjast og borgar hann þá að fullu manni þeim sem fjallskilastjórn ræður til starfsins, svo og allan kostnað því samfara, þó ekki yfir hálf tann matsverð fjallskilanna.

18. gr.

Fjallskilastjórnir skulu sjá um að til séu á afréttinum hentugir skálar fyrir gangnamenn og hesta þeirra þar sem þess er þörf og gera tillögur til sveitarstjórnar þar um. Séu þeir búnir nauðsynlegustu tækjum, svo sem hitunartækjum o.fl. Ber að halda skálum þessum vel við ásamt öllum tækjabúnaði, sem ætíð sé til staðar yfir gangnatímann. Kostnaður sá er af þessu leiðir greiðist úr sveitarsjóði.

IV. KAFLI

Um réttir og réttarstörf.

19. gr.

Aðalréttir eru:

1. Víðidalstungurétt.
2. Þverárrétt.
3. Hamarsrétt.
4. Miðfjarðarrétt.
5. Hrútatungurétt.

Aukaréttir eru:

- Valdarásrétt.
- Vallarétt.

20. gr.

Stjórnir fjallskiladeilda ákveða hver á sínu svæði hvaða lönd smala skuli til hverrar réttar. Rísi ágreiningur út af þeim sker sveitarstjórn úr.

21. gr.

Fjallskilastjórnnum er skylt að sjá um byggingu rétta og viðhald þeirra. Nú koma hlutaðeigendur sér ekki saman um hvernig jafna skal niður kostnaði við að koma upp rétt og sker þá sveitarstjórn úr. Við hverja aðalrétt skal vera ómerkingadilkur og sérstakur dilkur fyrir sjúkt fé. Ennfremur skulu vera til nægilega margir dilkar fyrir fénað úr öðrum fjallskiladeildum og sveitarfélögum.

22. gr.

Fjallskilastjórn skal með gangnaboði skipa hæfa menn til að fara í réttir annarra deilda til að hirða þar sauðfé og hross úr sinni deild. Þeir sem til eru valdir mega eigi allir yfirgefa rétt fyrr en störfum er þar að fullu lokið og úrskurðað hefur verið um óskilapening. Fjallskilastjórn ákveður hvert reka skuli eða flytja fénað þennan og hvernig haga skuli skilum á honum.

23. gr.

Fjallskilastjórnir skulu skipa réttarstjóra og tvo marklýsingarmenn í hverri fjallskiladeild. Skal greiða þeim fyrir störf þeirra úr fjallskilasjóði. Þeir skulu vera komnir í tæka tíð hvern réttardag. Réttarstjóri skipar fyrir um hvernig búfjárdrætti skal haga og heldur mönnum til starfa. Hann bannar og óreglu, er veldur hindrun við réttarstörf. Óhlýðnist nokkur í réttinni skipunum hans varðar það sektum. Marklýsingarmenn skulu skera úr um vafamörk, skoða og úrskurða mörk á óskilapeningi.

24. gr.

Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur og kindur úr öðrum fjárskiptahólfum úr safninu strax og þeirra verður vart og einangra þær. Hann skal og annast um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í sér dilk, svo að eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau. Helgi hryssur eða ær sér ekki ómerkinga, eru þeir eign viðkomandi fjallskilasjóðs nema ótvírætt vottorð óvilhallra manna liggja fyrir um eiganda.

25. gr.

Frá hverri aukarétt skulu kvaddir menn til að koma úrtíningi tafarlaust til aðalréttar svo að hann sé þangað kominn áður en sundurdrætti er lokið.

26. gr.

Í fyrstu göngum skal ásamt sauðfé smala hrossum af afréttum. Skal haga sundurdrætti og hirðingu hrossa í réttum á sama hátt og sauðfé að svo miklu leyti sem við getur átt. Á meðan á réttum stendur skal réttarstjóri gæta þess að hryssum gefist kostur á að helga sér ómörkuð folöld og kappkosta að öðru leyti að haga allri meðferð á hrossum þannig að ekki hljóttist slys af. Ómörkuð folöld sem engin hryssa helgar sér skal réttarstjóri bjóða upp og selja að aflokinni rétt. Skulu þau seld með 12 vikna innlausnarfresti.

27. gr.

Fjallskilastjórnir skulu skipa fyrir um almenna smölun og skil á hrossum þar sem það á við. Við skil á hrossum skulu fjallskilastjórnir, hver fyrir sig, annast um hirðingu fjallskilaskyldra hrossa úr sinni fjallskiladeild í nærliggjandi sveitarfélagi enda séu fjallskil lögð á hross í fjallskiladeildinni.

V. KAFLI

Um hreinsun heimalanda og fjárskil.

28. gr.

Ábúanda eða eiganda er skylt að smala land sitt svo oft sem fjallskilastjórn fyrirskipar þótt hann eigi ekki fjárvon sjálfur. Geri hann það ekki skal fjallskilastjórn láta smala landið á kostnað eiganda. Skilarétt skal halda haust hvert og á þeim stað og tíma sem fjallskilastjórn ákveður.

29. gr.

Í fjalllendi eins og Vatnsnesfjalli getur síðasta fjárhreinsun á haustin farið fram með flokkaleit er kemur þá í stað smölunar. Landráðendur leggja til leitar eftir fyrirmælum fjallskilastjórnar. Fjallskilastjórnir samliggjandi svæða skulu hafa samráð með sér um leitar-dag. Fjallskilastjórn ákveður leitarsvæði og tilnefni leitarstjóra. Stjórnar hann leitinni á sínu svæði. Leitarstjórn hafi samráð sín á milli um tilhögun leitar, svo að misgöngur verði ekki milli leitarsvæða.

30. gr.

Hafi aðkomufé komið að eftir tilskipaðar réttir skal tilkynna eiganda það og ráðstafar hann þá fé sínu. Ber landráðanda eða þeim sem smölun annast að láta eiganda búfjárins í té þá aðstoð sem unnt er. Ráðstafi eigandi ekki fé sínu skal það þá tilkynnt fjallskilastjórn sem ráðstafar því.

31. gr.

Ef eigendur eða ábúendur jarða í hreppnum telja sig verða fyrir tilfinnanlegum ágangi búpenings í heimalandi eða löndum og ekkert leyfi eða heimild er fyrir, er fjallskilastjórn heimilt að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði í sveitinni, þegar henni þykir þurfa og reka til almenningsréttta. Þar er eigendum skylt að hirða fénað sinn. Þegar fjallskilastjórn fyrirskipar slíka smölun, er hér um ræðir, skal henni skylt áður en smölun fer fram að birta ráðstöfun sína í almennum auglýsingum, svo að búendum gefist kostur á að hirða fé sitt. Fénaður sem er sérstaklega áleitinn við girðingar, matjurtagarða og skrudgarða skal eigandi hirða þegar tilsagður er, setja í örugga vörslu eða farga honum. Sýni hann hirðuleysi í því efni ber honum að bæta allt það tjón, sem fénaðurinn hefur valdið. Eiganda búfjár í þéttbýli er skylt að hafa fénað sinn í öruggri girðingu sé hann innan þess svæðis sem skipulagt er.

VI. KAFLI

Um meðferð óskilapenings.

32. gr.

Þegar fjárdrætti er lokið í aðalréttum og eftir eru kindur sem teljast til úrtínings skulu þær afhentar fulltrúa sveitarstjóra. Skal hann þá ásamt marklýsingarmönnum skoða og skrifa upp mark og einkenni á hverri kind, svo rétt og nákvæmlega sem framast má verða. Sveitarstjóri skal síðan annast um að koma óskilafé sem ekki þekkist eða ekki er hirt í sláturhús. Sama gildir um fé sem kemur fram utan rétta. Andvirði alls búfjár sem fargað er skal lagt inn á reikning fjallskiladeildar þannig að greiða megi verð hvers grips fyrir sig ef eigandi finnst.

33. gr.

Komi óskilahross fyrir í réttum eða utan rétta á hvaða árstíma sem er skal sýslumaður auglýsa það og selja hafi eigandi ekki gefið sig fram innan viku og sannað eignarrétt sinn. Hross skal selja með 12 vikna innlausnarfresti og jafnlöngum gjaldfresti og eru þau ekki í ábyrgð kaupanda þó misfarist fyrir en að þeim fresti liðnum nema um sé að kenna

skeytingarleysi hans eða handvömm. Hver sá sem gerir kröfu til óskilahrossa sanni eignarrétt sinn svo að ekki verði um villst og greiði jafnframt allan áfallinn kostnað. Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um stóðhesta, sem seldir eru samkvæmt lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl., nr. 46/1991, með síðari breytingum. Einnig gilda hér sömu ákvæði um nautgripi sem í óskilum eru.

34. gr.

Fyrir lok hvers árs skal sveitarstjórn senda greinilega lýsingu á öllum óskilahrossum og fé, sem selt hefur verið eða fargað í sveitarfélaginu á árinu til birtingar í Lögbirtingablaði. Skal hann síðan annast um greiðslu að frádregnum kostnaði á andvirði þess óskilabúfjár sem eigendur sanna eignarrétt sinn á. Geti enginn sannað eignarrétt sinn fellur andvirðið til fjallskilasjóðs viðkomandi fjallskiladeildar.

VII. KAFLI

Um eftirleitir og björgunarlaun.

35. gr.

Finnist búfé eftir tilskipaðar leitir greiðist hæfileg þóknun fyrir samkvæmt ákvörðun fjallskilastjórnar. Borgun til þeirra sem finna búfé greiðist úr fjallskilasjóði viðkomandi fjallskiladeildar. Fjallskilasjóður greiðir kostnað sem af því leiðir að sækja fjallskilaskyldan pening sem kemur fyrir í öðrum sveitum eftir réttir. Björgunarlaun fyrir fé sem næst úr ógöngum skal farið með eins og sagt er í VII. kafla laga um afréttamál, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

VIII. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

36. gr.

Búfé skal draga eftir mörkum. Það er skylda hvers búfjáreiganda að hafa glögg eyrnamark á öllu fé sínu, brennimark á hyrndu fé eða plötumerki í eyra. Sveitarstjórn skal svo oft sem þurfa þykir og a.m.k. áttunda hvert ár láta prenta markaskrá fyrir allt sveitarfélagið. Skal sérhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það eftir því sem sveitarstjórn ákveður en hvert sauðfjár- og hrossabú skal fá ókeypis eitt eintak af markaskránni. Mark helgar markeiganda eignarrétt nema full sönnun komi fyrir að annar eigi. Við sönnun á eign á búpeningi er örmerking rétt hæst, þar næst frostmerking, síðan brennimark, þá löggilt plötumerki og síðast eyrnamark. Eiganda rétt herra marks er skylt að gera grein fyrir eignarrétti sínum ef eigandi réttlægra marks krefst þess. Hross skulu eins og sauðfé hafa glögg markeinkenni er skráð sé í markaskrá sýslunnar.

37. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark, svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark. Tilkynni tveir eða fleiri fjáreigendur sama mark til prentunar, er erfðamark rétt hæst, síðan gjafamark, svo kaupamark og síðast gerðarmark. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu þótt erfðamark sé, ef sammerkt er eða námerkt innan sýslu. Um skráningu og notkun marka vísast til reglugerða um búfjarmörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 200/1998.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði.

38. gr.

Fjallskilastjórnir skulu gera tillögur til sveitarstjórnar um varnargirðingu fyrir afréttarlöndum til varnar því að afréttarpeningur gangi ofan af afrétti eða sleppi á afrétt. Ennfremur til varnar því að afréttarpeningur gangi á víxl af einum afrétti á annan.

39. gr.

Fjallskilastjórnir skulu stefna að því að halda kynningarfundi um málefni upp- rekstrarfélaga ár hvert eða oftár ef þurfa þykir. Þá skal halda fundi ef þriðjungur jarðeigenda krefst þess.

40. gr.

Nú verður verulegur ágangur sauðfjár eða hrossa frá einu sveitarfélagi í annað og getur þá það sveitarfélag er fyrir ágangi verður óskað eftir að hitt sveitarfélagið greiði bætur fyrir áganginn eða sendi menn í göngur, ef það er talið heppilegra miðað við gangnakostnað og usla í högum. Miða skal greiðslu við fjallskilakostnað á fullorðna kind í því sveitarfélagi sem féð gengur í og séu hverjar tvær kindur, sem til réttar koma, metnar sem ein gjaldeining. Réttarstjóri skal sjá um að telja það fé sem til réttar kemur. Verði ágreiningur um gjaldtöku skulu viðkomandi sveitarfélög tilnefna einn mann hver og sýslumaður einn mann í nefnd til að úrskurða endanlega um ágreiningsefnið.

41. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum refsheimildum. Sektir renna í fjallskilasjóð þeirrar fjallskiladeildar sem brotið er framið í. Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

42. gr.

Sýslumaður sker úr öllum ágreiningi út af fjallskilamálum. Þá heyra undir úrskurð hans allar kærur og kröfur á hendur sveitarstjórn er snerta fjallskilamál. Ennfremur geta einstakir aðilar lagt slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslumanns.

43. gr.

Samþykkt þessi, sem Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð nr. 458/1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. nóvember 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.